

Til fjármála- og efnahagsráðherra og formanna flokkanna,

Talsverð umræða hefur skapast undanfarin misseri um uppgjör föllnu viðskiptabankanna í tengslum við afnám fjármagnshafta. Sífellt verður ljósara mikilvægi þess að finna uppgjörunum farsælan farveg til að tryggja efnahagslegan stöðugleika, ekki síst vegna krónueigna föllnu viðskiptabankanna. Viðhorf erlendra kröfuhafa í þatabú föllnu viðskiptabankanna virðist hafa breyst í grundvallaratriðum í kjölfar umræðunnar um erlenda skuldastöðu þjóðarbúsins og þá miklu gagnrýni sem komið hefur fram um að nauðasamningum, í tengslum við þatabúin, verði veitt brautargengi. Að okkar mati er þessi viðhorfsbreyting ekki hvað síst tilkomin vegna þeirrar pólitísku samstöðu sem tekist hefur að mynda í tengslum við þetta mál, m.a. á vettvangi nefndar með fulltrúum þingflokkanna.

Nýsamþykkt lög um gjaldeyrismál, sem allir flokkar á Alþingi stóðu að, þar sem ákvæði um að fjármagnshöft skuli afnumin fyrir árslok 2013 var breytt í ótímabundna heimild ásamt öðrum mikilvægum breytingum, eru til vitnis um þetta. Þannig má segja að nú ríki almenn sátt um að fjármagnshöft verða ekki losuð nema að til staðar sé heildarlausn sem taki á öllum þáttum málsins hvort sem það snýr að upphaflegu snjóhengjunni, uppgjöri allra föllnu viðskiptabankanna og þeim reglum sem hér þarf að setja til þess að tryggja fjármálastöðugleika eftir að höftum er aflétt.

Ástæða er til að undirstrika að afnám fjármagnshafta verður að nálgast með heildrænum hætti. Lausnir á afmörkuðum vanda innan hafta getur seinkað afnámi þeirra í heild og jafnvel ógnað fjármála- og gengisstöðugleika. Nefndin telur rétt að koma þessu sjónarmiði á framfæri á þessum tímapunkti þar sem að fréttatlutningur hefur verið af áhuga fjárfesta, m.a. lífeyrissjóða, á kaupum á hlutum í Arion banka eða Íslandsbanka. Slíkar vangaveltur eru þó með öllu ótímabærar enda getur svo veigamikil breyting innan fjármagnshafta ekki átt sér stað nema fyrir liggi með hvaða hætti þau verða afnumin í heild. Að mati nefndarinnar er þörf á að leita liðsinnis utanaðkomandi/erlendra sérfræðinga til að tryggja nauðsynlega yfirsýn yfir afnámsferlið í heild, styrkja ferlið og tryggja samráð milli þeirra aðila sem hafa þessi mál á sinni könnu. Einnig þarf að skýra betur aðkomu ríkisins að þessu máli.

Að svo stöddu gerir nefndin ekki tillögu um eina leið umfram aðra. Hvað sem því líður, leggur nefndin áherslu á að hafist verði handa sem fyrst við úrlausn þessa verkefnis með hagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi. Nefndin lýsir sig reiðubúna til þess að starfa áfram sem vettvangur þverpólítískrar samvinnu til að tryggja framgang þessa mikilvæga hagsmunamáls.

---

Björn Rúnar Guðmundsson, formaður

---

Huginn Freyr Þorsteinsson

---

Sigurður Hannesson

---

Bolli Héðinsson

---

Jón Helgi Egilsson

---

Tryggvi Þór Herbertsson